



Fab Lab smiðja á Selfossi

Verkefnið á sér talsverðan aðdraganda, bæði á vettvangi Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu), Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Háskólafélags Suðurlands (HfSu).

- Í nýbyggingu verknámshúss FSu sem var vígt 14. mars 2017 er gert ráð fyrir starfseminni.
- 2016 var skilgreint áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands; Nýsköpun sem nám í grunnskólum á Suðurlandi. Verkefnisstjóri var Ingunn Jónsdóttir (HfSu) en verkefnið var unnið af Frosta Gíslasyni (Fab Lab í Vestmannaeyjum) og Vilhjálmi Magnússyni (Fab Lab á Höfn).
- 2017 var skilgreint áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands; Uppsetning á Fab Lab verkstæði á Selfossi – gerð rekstraráætlunar. Verkefnastjóri Ingunn Jónsdóttir (HfSu).

Fyrir liggur fjórhliða samstarfssamningur milli FSu, SASS, HfSu og Héraðsnefndar Árnesinga um rekstur Fab Lab smiðju í FSu. Samningurinn er til fimm ára en með endurskoðunarákvæði eftir þrjú ár. Gert er ráð fyrir smiðjustjórinn verði starfsmaður HfSu en hann verði fjármagnaður 60% af Héraðsnefnd Árnesinga en 40% af FSu. Smiðjan þjóni þannig bæði nemendum FSu og nemendum grunnskóla í sýslunni, auk þjónustu við atvinnulíf og frumkvöðla.

Unnið er að gerð samnings við Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem skilgreini aðkomu hennar að stofnun smiðjunnar.

Atorka, félag atvinnurekenda á Suðurlandi, vinnur að fjármögnun tækjabúnaðar í samvinnu við atvinnulífið í héraðinu, í tengslum við sóknaráætlunarverkefnið.

Verið er að ganga frá ráðningu smiðjustjóra þessa dagana.